

Ár 2008, 5. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Matvælastofnunar

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breytingu á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst hinn 22. ágúst 2008 bréf, dagsett 18. ágúst 2008, frá forstjóra Matvælastofnunar þar sem hann óskaði eftir að laun hans yrðu tekin til endurskoðunar. Í bréfinu sagði að frá því að Landbúnaðarstofnun hefði hafið störf formlega þann 1. janúar 2006 hefðu orðið verulegar breytingar á verkefnum hennar og hefði hún nú fengið nýtt heiti sem væri Matvælastofnun. Vegna þess að umfang starfseminnar hefði aukist óskaði forstjórinn eftir að kjararáð tæki laun hans til endurskoðunar þannig að hækkun launa gildi frá 1. janúar 2008 þegar Matvælastofnun hefði tekið til starfa. Stofnunin hefði orðið til við gildistöku laga nr. 167/2007 um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Þá hefðu verkefni matvælasviðs Umhverfisstofnunar og matvælasviðs Fiskistofu verið sameinuð Landbúnaðarstofnun sem nú hétu Matvælastofnun. Við þetta hefði starfsmönnum fjölgað um rúmlega tuttugu. Samhliða þessu hefði Matvælastofnun tekið við yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en þar væru tuttugu stöðugildi heilbrigðisfulltrúa. Jafnframt hefði stofnunin tekið við eftirliti með sjálfstætt starfandi skoðunarstofum í sjávarútvegi og rekstri átta landamærastöðva þar sem fram færi eftirlit með innflutningi sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Matvælastofnun færi nú með allt eftirlit með inn- og útflutningi matvæla, framleiðslu sjávarafurða, með frumframleiðslu búfjárafurða og yfirumsjón með matvælaeftirliti sveitarfélaga. Matvælastofnun færi áfram með eftirlit með búfjárafurðum, heilbrigði dýra og aðföngum landbúnaðarins. Stjórnsýsla vegna lax- og silungsveiði hefði færst frá stofnuninni til Fiskistofu, en Matvælastofnun færi áfram með heilbrigðiseftirliti með fiskeldi og fisksjúkdómum. Útgjöld Landbúnaðarstofnunar hefðu á fyrsta heila starfsári hennar árið 2006 verið 600 milljónir, en áætluð gjöld Matvælastofnunar á árinu 2008 væru tæpar 900 milljónir króna. Auk þess væri nú til umfjöllunar Alþingis frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á reglugerð frá Evrópuþinginu um búfjárafurðir og mundu lögum auka mjög verkefni og skyldur Matvælastofnunar.

II.

Með bréfum, dagsettum 29. ágúst 2008, var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 10. september 2008. Erindið var ítrekað til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis með bréfi dagsettu 3. október 2008 og barst svar ráðuneytisins 15. október 2008 með bréfi dagsettu 13. október 2008. Ráðuneytið staðfesti lýsingu forstjórans á breytingum á umfangi og verkefnum Matvælastofnunar. Ráðuneytið taldi að við ákvörðun launa forstöðumanna stofnana þess væri mikilvægt að gætt væri að innbyrðis jafnvægi í launakjörum forstöðumanna m.a. með hliðsjón af starfsmannafjölda og veltu stofnananna. Einnig yrði höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanna stofnana ríkisins sem hæst væru launaðir.

III.

Með lögum nr. 167/2007 um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, var lögum nr. 80/2005 um Matvælastofnun breytt. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að stjórnsýslulegt forræði og ábyrgð matvælamála sem heyrðu undir umhverfisráðuneytið flytjast á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Sú starfsemi Umhverfisstofnunar sem tengdist lögum nr. 93/1995 um matvæli og féll undir matvælasvið Umhverfisstofnunar flytjast til Landbúnaðarstofnunar ásamt matvælaeftirliti sem áður heyrði undir

Fiskistofu. Jafnframt var nafni stofnunarinnar breytt í Matvælastofnun. Eins og fram kemur í bréfi forstjórans leiðir breytingin til aukinna fjárhagslegra umsvifa og fjölgunar starfsfólks.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Við ákvörðun launa forstjórans hefur verið höfð hliðsjón af launum forstjóra ríkisstofnana sem að mati kjararáðs eru sambærilegar hvað varðar verkefni og stærð. Breytingar á starfsemi stofnunarinnar sem eru tilefni þessara launabreytinga tóku gildi 1. janúar 2008 og því telur kjararáð rétt að launabreytingin gildi frá sama tíma. Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun forstjóra Matvælastofnunar skulu frá 1. janúar 2008 vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135 nú 682.032 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson